

**501. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 16. ágúst 2016
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Oddviti bauð sveitastjórnarfólk velkomið til starfa eftir sumarleyfi. Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar, engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá að við bætast tveir nýjir liðir, Samgöngur innan svæðis, og verður sá liður nr.7 og Breytt dagssetning á Haustþingi Fjórðungssamband Vestfjarða. sem verður nr. 8 á dagskrá.

Dagskrá:

1. 1606025 - Fundargerð 841. fundar stjórnar sambandsins

Fundargerðin er til kynningar.

2. 1606003F - Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 18

Tekin er til afgreiðslu fundargerð 18 fundar Byggingar-, skipulag og umhverfisnefndar frá 12. ágúst. Fundargerðin er í tveimur liðum.

2.1. 1606016 - Fyrirspurn - Próteinverksmiðja í Tálknafirði.

Tekið fyrir erindi Valdimars Gunnarssonar, f.h. Arctic protein ehf., dagsett 12. júní 2016. Í erindinu er óskað umsagnar vegna fyrirhugaðrar próteinverksmiðju við Strandgötu 43 á Tálknafirði.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið. Húsnæðið sem um ræðið er skilgreint á hafnarsvæði í Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og heimilar því slíka starfsemi. Nefndin bendir á að margþætt starfsemi er í húsunum í kring sem taka þarf tillit til.

Afgreiðslu frestað og ákveðið að kalla eftir frekari upplýsingum. Samþykkt samhljóða.

2.2. 1608010 - Óveruleg breyting á deiliskipulagi fyrir Norður-Botn

Tekið fyrir erindi Erlu Bryndísar Kristjánsdóttir, Teiknistofunni Eik, fyrir hönd landeiganda Norður-Botns. Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi Norður-Botns sem samþykkt var 30.9.2014.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir að grenndarkynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norður-Botns frá 2014. Breytingin er sett fram á uppdrætti dags. 13. júlí 2016 og felur breytingin í sér að byggingarreitur I er stækkaður til suð-austurs og verður 20.372 m² í stað 19.572 m².

Tillagan skal grenndarkynnt landeigendum Hjallatúns. Tillagan hefur

þegar verið kynnt Vegagerðinni en breytingin er háð leyfi hennar þar sem byggingarreitur nær inn á veghelgunarsvæði hennar.

Frestur til að skila athugasemdum og ábendingum er 4 vikur, þ.e. til og með 9. sept. 2016. Litið verður svo á að þeir sem ekki gera athugasemdir séu samþykkir fyrirhugaðri framkvæmd.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps eða í síma 456 2539 á opnunartíma skrifstofunnar, virka daga kl. 10-12 og 13-15. Fyrirspurnir má einnig senda á netfangið talknafjordur@talknafjordur.is.

Sveitarstjórn samþykkir bókun byggingar-skipulags- og umhverfisnefndar .

3. 1607012 - Framkvæmd nýrra laga um almennar íbúðir

Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga um málið og leggja fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

4. 1607001 - Umsókn um leyfi til kattahalds fyrir 2 ketti

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um kattahald í Tálknafirði. Ef um fjölbýlishús er að ræða þarf að liggja fyrir samþykki allra íbúa hússins, að því uppfylltu þá verður leyfið veitt. Samþykkt samhljóða .

5. 1604049 - Umsókn um leyfi til hundahalds

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um hundahald í Tálknafirði. Ef um fjölbýlishús er að ræða þarf að liggja fyrir samþykki allra íbúa hússins, að því uppfylltu þá verður leyfið veitt. Samþykkt samhljóða .

6. 1306037 - Endurnýjun á samningi um grenjavinnslu.

Sveitarstjórn samþykkir að endurnýja framlagðan samning við grenjavinnslu. Heildarkosntaður við grenjavinnslu er 500 þús. kr á ári og skiptist niður á milli veiðimanna samkvæmt reglum sem fram koma í samningi.

Samþykkt samhljóða.

7. 1608014 - Sammgöngur innan svæðis, minnisblað frá Vesturbyggð.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og er sveitarstjóra falið að afla frekari gagna.

Samþykkt samhljóða

8. 1608013 - Breytt dagsetning á haustþingi

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að útbúa kjörbréf fyrir haustþing Fjórðungssambands Vestfjarða.

Samþykkt samhljóða

9. 1605040 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitastjóri kynnti þau mál sem eru í vinnslu. Sveitarstjóri verður í sumarfrí frá og með 16. ágúst til og með 31 ágúst. Vara-oddviti mun svara fyrir mál sveitarfélagsins á þeim tíma.

10. 1606021 - Tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar

Til kynningar.

11. 1606024 - Umsóknir um styrki til að undirbúa tillögur að verndarsvæði í byggð

Til kynningar.

12. 1606022 - Fasteignamat 2017

Til kynningar.

13. 1608008 - Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda

Til kynningar.

14. 1607014 - Vatnsveita Tálknafjarðar- neysluvatnssýni tekið 14.07.2016 í Grunnskólanum

Til kynningar.

15. 1607010 - Nýlegar ályktanir EES EFTA sveitarstjórnarvettvangsins

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:47.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____